

Landsframleiðslan 2007 – endurskoðun

Gross Domestic Product 2007 – Revision

Samantekt

Landsframleiðsla jókst að raungildi um 4,9% samkvæmt endurskoðuðum tölum Hagstofunnar yfir þjóðhagsreikninga á árinu 2007. Í áætlun frá því í mars síðastliðnum var talið að hagvöxtur á árinu 2007 hafi orðið 3,8%. Aukinn hagvöxt frá fyrri áætlunum má fyrst og fremst rekja til meiri fjárfestingar og samneyslu á árinu 2007 en áætlanir bentu til í mars auk endurskoðunar á mati á birgðum í stóriðju. Hagvöxtur á árinu 2006 er talinn sá sami og áður, eða 4,4%.

Vöxt landsframleiðslunnar á liðnu ári má öðru fremur rekja til verulegs vaxtar útflutnings, sem jókst um 11% (og enn meir að meðtöldum flugvélum, um 18%), og ríflega 4% aukningar einkaneyslu. Á sama tíma dróst fjárfesting saman um 13,7% og innflutningur um 1,4%. Þessi þróun er allt önnur en á undanfönum fjórum árum þegar hagvöxtur var drifinn áfram af einkaneyslu og fjárfestingu. Þróun á árinu hafði jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð en þar gætti einnig minni halla á launa- og eignatekjum frá útlöndum. Viðskiptahallinn við útlönd nam 196 milljörðum króna, 15,2% af landsframleiðslu, en árið áður nam hallinn 294 milljörðum króna, 25,2% af landsframleiðslu.

Á árinu 2007 stóðu viðskiptakjör nánast í stað en vegna minni halla á viðskiptajöfnuði en árið áður jukust þjóðartekjur meira en landsframleiðslan, eða um 7,8% samanborið við 1,6% vöxt árið áður.

Einkaneysla sem hlutfall af landsframleiðslu varð 57,9% á liðnu ári sem er nokkru lægra en árið áður. Á undanfönum fimmtán árum hefur þetta hlutfall nokkuð oft verið lítillega hærra. Samneyslan sem hlutfall af landsframleiðslu var 24,5% eða svipuð og undanfarin þrjú ár.

Hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu var 27,6% á liðnu ári og þrátt fyrir samdrátt er þetta hlutfall hátt í sögulega samhengi því frá árinu 1980 hefur það einungis tvisvar verið hærra. Sambærilegt hlutfall fyrir OECD-rikin í heild hefur verið um eða undir 20% undanfarinn aldarfjórðung og fá dæmi eru um álíka hátt fjárfestingarhlutfall í einstökum ríkjum OECD.

Hagvöxtur 4,9% á árinu 2007
og 4,4% árið 2006

Hagstofan birtir nú endurskoðaðar tölur yfir þjóðhagsreikninga á árinu 2007 og koma þær í stað áætlana frá því í mars síðastliðnum. Tölurnar sýna að landsframleiðsla á liðnu ári er talin hafa numið 1.293 milljörðum króna en það er um 125 milljörðum eða 10,7% hærra fjárhæð en árið áður. Að teknu tilliti til verðbreytinga jókst landsframleiðslan að raungildi um 4,9%. Endurskoðuðu tölurnar sýna meiri hagvöxt á árinu 2007 en áætlunin frá því í mars síðastliðnum, en þá var talið að hagvöxtur á árinu 2007 hafi orðið 3,8%. Breytingin skýrist einkum af meiri fjárfestingu og samneyslu en reiknað var með í mars auk endurskoðunar á mati á birgðum í stóriðju.




Að teknu tilliti til mannfjöldaaukningar jókst landsframleiðslan að raungildi um 2,5% á mann árið 2007 en árið áður nam aukningin 1,5%.

Samhliða endurskoðun á tölum ársins 2007 hafa niðurstöður um hagvöxt fyrri ára einnig verið endurskoðaðar lítillega frá því síðustu tölur voru birtar. Þessar breytingar má einkum rekja til þess að nú liggja fyrir fyllri heimildir en áður. Hagvöxtur á árinu 2006 er nú talinn hafa verið 4,4% sem er sama niðurstaða og tölur í mars sýndu og hagvöxtur á árinu 2005 er nú talinn hafa verið 7,4% samanborið við 7,5% í mars.

Mynd 1. Vöxtur landsframleiðslu

Figure 1. GDP growth rate



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2006 og 2007. Preliminary data 2006 and 2007.

Meiri vöxtur þjóðartekna

Við mat á afkomu þjóðarbúsins eru þjóðartekjur ekki síður áhugaverð stærð en landsframleiðsla, en þar er tekið tillit til breytinga á viðskiptakjörum þjóðarbúsins gagnvart útlöndum og til launa- og eignatekna til og frá útlöndum (að stærstum hluta vaxta- og arðgreiðslur). Viðskiptakjör stóðu nánast í stað á árinu 2007 eftir að þau höfðu batnað nokkuð á árinu 2006 eða um 1% af landsframleiðslu fyrra árs. Verð á útfluttum vörum og þjónustu hækkaði á árinu 2007 um 2,2% í íslenskum krónum en verð á innfluttum vörum og þjónustu hækkaði um 2,1%. Á sama tíma hækkaði gengi íslensku krónunnar um 2,5%, þ.e. krónan styrktist.

Launa- og fjáreignatekjur frá útlöndum jukust mun meira en nam aukningu launa- og fjármagnsgjalda til útlanda. Þessi aukning og óbreytt viðskiptakjör leiddu til þess að þjóðartekjur jukust um 7,8%, sem er þó nokkru meiri vöxtur en nemur vexti landsframleiðslunnar.

Á árinu 2006 var framvindan þveröfug, meira nettó streymi launa- og eignatekna til útlanda en árið áður leiddi til þess að þjóðartekjur jukust einungis um 1,6% á sama tíma og landsframleiðsla jókst um 4,4%.


Útflutningur og einkaneysla báru uppi hagvöxtinn

Vöxt landsframleiðslunnar á liðnu ári má öðru fremur rekja til verulegs vaxtar útflutnings, bæði á vöru og þjónustu, og aukinnar einkaneyslu. Á sama tíma dróst fjárfesting saman og vöruinnflutningur einnig af þeim sökum. Þessi þróun er mjög ólík því sem verið hefur á undanförunum fjórum árum þegar hagvöxtur var drifinn áfram af einkaneyslu og fjárfestingu. Aukinn vöruútflutningur á liðnu ári má að hluta

rekja til meiri sölu á flugvélum en árið áður. Á móti þeim útflutningi lækkar fjárfesting þannig að áhrifin á landsframleiðslu eru óveruleg. Á árinu óx vöruútflutningur um 18% en án flugvéla var vöxturinn um 11%.

Mynd 2. Magnvísitala landsframleiðslu og þjóðartekna

Figure 2. GDP and GNI, volume indices




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2006 og 2007. Preliminary data 2006 and 2007.

Að nokkru svipar þróuninni 2007 til ársins 2001 þegar hagvöxtur var einnig drifinn áfram af miklum vexti útflutnings en þó er sá veigamikli munur á þessum tveimur árum að árið 2001 dróst einkaneysla saman.

Mynd 3. Hlutdeild einstakra liða í hagvexti

Figure 3. Contribution to growth by expenditure items



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2006 og 2007. Preliminary data 2006 and 2007.

Einkaneysla jókst um 4,3%

Undanfarin fimm ár hefur einkaneysla vaxið samfellt og á árinu 2007 jókst hún um 4,3% að raungildi og er það svipaður vöxtur og árið 2006, þegar hún jókst um 4,4%. Þetta er nokkru minni vöxtur en árin þrjú þar á undan. Aftur á móti dróst einkaneyslan saman á árunum 2001 og 2002, um 1,5% á árinu 2002 og 2,8% árið 2001.


Til langs tíma litið hefur vöxtur einkaneyslu að mestu haldist í hendur við vöxt landsframleiðslu, þó með nokkrum undantekningum, það er á árunum 1998 og 1999, 2003 og sérstaklega 2005. Á árinu 2007 var einkaneysla 86% meiri en hún var á árinu 1990 en á sama tíma hefur landsframleiðsla vaxið um 74%. Mannfjöldinn óx á sama tíma um rúmlega 22%. Einkaneysla á mann hefur því aukist um 52% en landsframleiðsla um 42%.

Einkaneysla 58% af landsframleiðslu

Árið 2007 reyndist hlutfall einkaneyslu af landsframleiðslu vera 57,9%, sem er nokkru lægra en árið 2006 þegar það nam 58,7%. Í sögulegu samhengi er þetta hlutfall nokkuð hátt en á undanförunum fimmtán árum hefur þetta hlutfall nokkuð oft verið lítillega hærra. Í töflu 3 er sýnd samsetning einkaneyslu eftir útgjalda-flokkum undanfarin fjögur ár og árin 1990 og 1995.

Mynd 4. Magnvísitala einkaneyslu og landsframleiðslu

Figure 4. Private final consumption and GDP, volume indices



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2006 og 2007. Preliminary data 2006 and 2007.

Einkaneysla er flokkuð í 12 aðalflokka samkvæmt alþjóðlegu flokkunarkerfi COICOP (Classification of Individual Consumption by Purpose). Í töflunni kemur fram hve vægi mat- og drykkjarvöru hefur minnkað í útgjöldum heimilanna. Það var 23,7% á árinu 1990 en er nú komið niður í 14,7%. Þá hefur vægi fatnaðar minnkað um nærri helming. Á móti kemur að vægi útgjalda til samgangna og fjar-skipta hafa aukist um 40% og útgjöld Íslendinga erlendis um rúm 50%.

Samneysla jókst um 4,2%

Samneysla jókst um 4,2% á liðnu ári sem er nokkru meiri aukning en á árunum 2006 og 2005 (4,0% árið 2006, 3,5% árið 2005). Í áætlun frá því í mars síðastliðnum var gert ráð fyrir að samneysla hefði aukist um 3,3%. Breytingin nú skýrist að stærstum hluta af því að samneysla sveitarfélaga varð mun meiri en þær áætlanir sem þá lágu fyrir gáfu til kynna. Sem hlutfall af landsframleiðslu var samneyslan 24,5% eða svipuð og undanfarin þrjú ár en nokkru lægri en 2002 og 2003. Í sögulegu samhengi hefur þetta hlutfall verið hærra síðastliðin sex ár en nokkru sinni. Endanlegt uppgjör fjármála hins opinbera fyrir árið 2007, með ýtarlegum sundurliðunum, verður birt í Hagtíðindum, *Fjármál hins opinbera 2007*, hinn 18. september 2008.

Fjárfesting dróst saman um 13,7%


Fjárfesting á síðasta ári dróst saman um 13,7% eftir mikinn vöxt undanfarin fjögur ár. Fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu er talin hafa numið 27,6%. Þrátt

fyrir samdrátt á síðastliðnu ári er þetta hlutfall hátt í sögulega samhengi og hefur frá árinu 1980 einungis tvisvar verið hærra en það er 2006 (33,7%) og 2005 (28,4%). Sambærilegt hlutfall fyrir OECD-ríkin í heild hefur verið um eða undir 20% undanfarinn aldarfjórðung og fá dæmi eru um álíka hátt fjárfestingarhlutfall í einstökum ríkjum OECD.

Samdráttinn á síðastliðnu ári má allan rekja til atvinnuvegafjárfestingar en hún dróst saman um 26% samanborið við 21,1% vöxt á árinu 2006. Þyngst vegur minni fjárfesting í stóriðju- og orkuverum, en þær fjárfestingar náðu hámarki árið 2006. Einnig dróst fjárfesting í flugrekstri saman og reyndar varð sala á flugvélum meiri en kaup. Áfram var mikill vöxtur í fjárfestingu í íbúðarhúsnæði en hún jókst um 13,2% í fyrra. Fjárfesting hins opinbera jókst einnig, um 19,2%, á árinu 2007 samanborið við 22,7% aukningu árið 2006.

Mynd 5. Magnvísitala fjármunamyndunar og helstu undirliða

Figure 5. Gross fixed capital formation, volume indices by main components



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2006 og 2007. Preliminary data 2006 and 2007.

Í áætlun frá því í mars síðastliðnum var gert ráð fyrir að fjárfesting hefði dregist saman um 14,9% borið saman við 13,7% nú. Minni samdráttur skýrist af meiri fjárfestingu hins opinbera, sérstaklega sveitarfélaga, en áætlanir í mars gáfu til kynna.


Þjóðarútgjöld dragast saman um 1,4%

Þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, drógust saman um 1,4% að raungildi á liðnu ári. Þetta er verulegur viðsnúningur, því að á árinu 2006 jukust þjóðarútgjöld um 9,3% og 15,8% árið 2005. Samhliða samdrætti í fjárfestingu dróst innflutningur saman um 1,4%. Aftur á móti jókst útflutningur um 18,1% og í heild óx landsframleiðslan um 4,9% eins og áður segir.

Undanfarin fimm ár hafa þjóðarútgjöld aukist mun meira en landsframleiðsla, um 45% á móti 30% vexti landsframleiðslu.

Mynd 6. Magnbreyting þjóðarútgjalda og landsframleiðslu

Figure 6. GDP and Domestic final expenditure, annual growth rate



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2006 og 2007. Preliminary data 2006 and 2007.


Hlutur einstakra atvinnugreina í landsframleiðslu

Hér að ofan er landsframleiðsla metin út frá ráðstöfunarhlið, með því að meta útgjöld þjóðarbúsins, þ.e. neyslu og fjárfestingu að teknu tilliti til viðskipta við útlönd. Framleiðsla er einnig unnt að meta með beinum hætti í einstökum atvinnugreinum. Í töflu 7 eru sýndar niðurstöður slíks mats fyrir tímabilið 2002–2007 en þar kemur fram hlutur einstakra atvinnugreina í myndun landsframleiðslunnar. Í töflu 6 eru sýndar magnvísitölur framleiðslunnar í sömu skiptingu á atvinnugreinar. Þar kemur meðal annars fram að á síðastliðnum þremur árum hefur mestur vöxtur verið í byggingarstarfsemi.

Tölur þessar eru byggðar á framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga fram til ársins 2005, bráðabirgðatölum fyrir árið 2006 og áætlun fyrir árið 2007.

Mynd 7. Hlutfall launa og rekstrarafgangs af landsframleiðslu

Figure 7. The share of labour and capital in GDP



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2006 og 2007. Preliminary data 2006 and 2007.


Hlutur vinnuafls og fjármagns

Framleiðslu í skilningi þjóðhagsreikninga má líta á sem samtölu þess sem launþegar bera úr bótum annars vegar og fjármagn og einyrkjar hins vegar. Á árinu 2007 er talið að hlutur launþega hafi verið um 69,9% af því sem til skipta var, en fjármagnið og einyrkjar hafi borið úr bótum um 30,1%. Launahlutfall á árinu 2007 er nánast óbreytt frá því sem það var á árinu 2006, þegar það var 69,8%, og í sögulegu samhengi hefur þetta hlutfall verið hátt undanfarin ár. Launafjárhæð á árinu 2007 er áætluð með hliðsjón af breytingu á launum samkvæmt staðgreiðsluskrá en jafnframt er tekið mið af hækkun launavísitölu og fjölda starfandi samkvæmt vinnumarkaðskönnun. Launafjárhæðir fyrri ára eru fengnar úr framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga fram til 2005 og bráðabirgðaniðurstöðum þess uppgjors 2006.

Hagvöxtur meiri á Íslandi en í OECD ríkjum árið 2007

Hagvöxtur í OECD-ríkjunum í heild á liðnu ári er talinn hafa verið 2,7% samanborið við 4,9% vöxt hér á landi. Á tímabilinu 1997–2007 hefur hagvöxtur hér á landi einungis einu sinni verið lægri en í OECD-ríkjum en það var á árinu 2002 þegar hann óx um 0,1% samanborið við 1,6% vöxt hjá OECD-ríkjunum í heild.

Miklar sveiflur hafa einkennt hagþróun á Íslandi og framan af tíunda áratugnum var vöxtur hér á landi til muna lægri en í OECD-ríkjum í heild. Ef litið er yfir allt tímabilið 1990–2007 þá reyndist árlegur meðalvöxtur á Íslandi 3,3% en 2,6% í OECD-ríkjunum í heild.

Mynd 8. Hagvöxtur á Íslandi og í OECD-ríkjunum*Figure 8. GDP annual growth rate in Iceland and OECD*

Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2006 og 2007. Preliminary data 2006 and 2007.

Ítarlegra talnaefni á netinu

Auk þess talnaefnis sem hér birtist í Hagtíðindum, má vísa til ítarlegs talnaefnis á heimasíðu Hagstofunnar. Þar er að finna langar tímaraðir um flesta þætti þjóðhagsreikninga.

Breytingar eldri talna

Smávægilegar lagfæringar hafa verið gerðar á einkaneyslu árána 2004–2006 og á samneyslu aftur til ársins 2000. Í öllum tilvikum eru þessar lagfæringar innan við 0,1% af birtum fjárhæðum viðkomandi liðar. Einnig eru smávægilegar breytingar og tilfærslur milli liða aftur til ársins 1997 í framleiðsluuppgjörinu. Vegna afstemmingar við ráðstöfunaruppgjörið getur breyting á einni atvinnugrein í framleiðsluuppgjörinu leitt til smávægilegra breytinga á öllum öðrum atvinnugreinum. Viðmiðunarár í öllu talnaefni sem birt er á föstu verðlagi er árið 2000 og því veldur

breyting á því ári að fyrri ár breytast einnig þótt hlutfallstölur taki ekki breytingum af þeim sökum.

*Næsta endurskoðun
í mars 2009*

Þær tölur um árið 2007 sem hér birtast verða næst endurskoðaðar í mars 2009 og munu þá verða birtar samhliða fyrstu áætlunum fyrir árið 2008. Ekki er fyrirhuguð nein meiriháttar endurskoðun á eldri gögnum við þá birtingu.

English summary

4.9% growth in GDP in 2007
and 4.4% in 2006

The revised annual national accounts for 2007 show a 4,9% growth in Gross Domestic Product (GDP) in real terms in 2007. In the provisional data from March 2008 the growth was estimated to have been 3.8%. The upward revision is mainly explained by a higher gross fixed capital formation and government final consumption than was estimated in March and revised figures on inventories in the aluminium industry. In 2006 GDP grew at a rate of 4.4%, unchanged from previous figure.

The growth in GDP in 2007 can mainly be explained by 11% growth in exports (and considerably more if export of aircraft is included, or 18%) and by 4.3% growth in household final consumption. At the same time fixed capital formation declined by 13.7% and imports by 1.4%. This development is quite different from the previous four years when the growth in GDP was driven by growth in household final consumption and fixed capital formation. The positive change in the balance of trade together with a smaller deficit in primary income from abroad, resulted in a current account deficit of 196 billion ISK, 15.2% of GDP. In 2006 the balance on current account was negative by 294 billion ISK, 25.2% of GDP.

Unchanged terms of trade from the previous year together with improvements on the balance on current account led to a higher growth in Gross National Income (GNI) than in GDP in 2007, or 7.8% after 1.6% growth in the previous year.

In 2007 the share of household final consumption in GDP was 57.7%, slightly less than in the previous year. Government final consumption amounted to 24.5% of GDP, a similar share as in the previous three years.

The share of gross fixed capital formation was 27.6% of GDP in 2007 and regardless of decline in the growth of fixed capital formation this share is still historically high, having been higher only twice since 1980. A comparable figure for the OECD total has been around 20% during the last quarter of the century and for individual countries there are only a few examples of such a high share.

Final figures for General government finances for 2007 will be published in the Statistical Series, *General Government Finances 2008*, on 18th September 2008.

The next revision of national accounts data will be released in March 2009 together with provisional data for 2008. No major revisions of previous years are planned for that release.

Tafla 1. Landsframleiðsla og þjóðartekjur 2002–2007Table 1. *Gross Domestic Product and Gross National Income 2002–2007*

Milljónir króna á verðlagi hvers árs <i>Million ISK at current prices</i>	2002	2003	2004	2005	2006 ¹	2007 ¹
1. Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	448.100	481.541	530.672	610.638	685.623	749.031
2. Samneysla <i>Government final consumption</i>	207.088	219.130	232.962	252.617	285.371	316.823
3. Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	148.751	167.866	218.477	291.265	393.341	356.887
4. Birgðabreytingar <i>Changes in inventories</i>	-182	-1.453	-918	-862	13.498	6.626
5. Þjóðarútgjöld alls <i>Gross domestic final expenditure</i>	803.758	867.084	981.194	1.153.658	1.377.833	1.429.367
6. Útflutningur alls <i>Exports of goods and services</i>	305.607	288.552	316.903	324.450	374.152	451.743
6.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	204.303	182.580	202.373	194.934	243.461	306.001
6.2 Þjónusta <i>Services</i>	101.304	105.972	114.530	129.516	130.691	145.742
7. Frádráttur: Innflutningur alls <i>Less: Imports of goods and services</i>	292.915	314.314	369.208	451.710	584.098	587.943
7.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	190.221	198.480	238.920	288.034	400.005	393.978
7.2 Þjónusta <i>Services</i>	102.694	115.834	130.288	163.676	184.093	193.965
8. Verg Landsframleiðsla <i>Gross Domestic Product</i>	816.450	841.322	928.889	1.026.397	1.167.887	1.293.167
9. Launa- og eignatekjur frá útlöndum, nettó <i>Primary incomes received from abroad</i>	-1.327	-13.187	-37.744	-36.605	-83.888	-59.824
10. Vergar þjóðartekjur <i>Gross National Income</i>	815.123	828.135	891.145	989.792	1.083.999	1.233.343
11. Viðskiptajöfnuður án rekstrarframlaga <i>Balance on current account</i>	11.365	-38.949	-90.049	-163.866	-293.834	-196.024
11.1 Vöruskiptajöfnuður fob/fob <i>Balance on goods</i>	14.082	-15.900	-36.547	-93.100	-156.544	-87.977
11.2 Þjónustujöfnuður fob/fob <i>Balance on services</i>	-1.390	-9.862	-15.758	-34.161	-53.402	-48.223
11.3 Launa- og eignatekjur frá útlöndum, nettó <i>Balance on primary income from abroad</i>	-1.327	-13.187	-37.744	-36.605	-83.888	-59.824

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.***Tafla 2. Raunbreyting landsframleiðslu og þjóðartekna 2002–2007**Table 2. *Volume changes in Gross Domestic Product and Gross National Income 2002–2007*

Raunbreyting frá fyrra ári, % ¹ <i>Volume changes on previous year, %¹</i>	2002	2003	2004	2005	2006 ²	2007 ²
1. Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	-1,5	6,1	7,0	12,9	4,4	4,3
2. Samneysla <i>Government final consumption</i>	5,3	1,8	2,2	3,5	4,0	4,2
3. Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	-14,0	11,1	28,1	35,7	20,4	-13,7
5. Þjóðarútgjöld alls <i>Gross domestic final expenditure</i>	-2,3	5,7	9,9	15,8	9,3	-1,4
6. Útflutningur alls <i>Exports of goods and services</i>	3,8	1,6	8,4	7,2	-5,0	18,1
6.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	6,6	-1,2	9,2	-0,1	-1,5	22,3
6.2 Þjónusta <i>Services</i>	-1,7	7,2	7,1	20,2	-10,4	10,2
7. Frádráttur: Innflutningur alls <i>Less: Imports of goods and services</i>	-2,6	10,7	14,5	29,4	10,2	-1,4
7.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	-3,4	7,3	15,8	25,2	16,9	-4,7
7.2 Þjónusta <i>Services</i>	-1,1	17,2	12,3	37,1	-1,7	5,7
8. Verg Landsframleiðsla <i>Gross Domestic Product</i>	0,1	2,4	7,7	7,4	4,4	4,9
10. Vergar þjóðartekjur <i>Gross National Income</i>	4,2	-0,6	4,5	8,3	1,6	7,8

¹ Raunbreytingar eru reiknaðar á verðlagi fyrra árs og árlegum keðjutengingum. *Volume changes are based on annual chain linking.*² Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 3. Einkaneysla 1990–2007

Table 3. Household final consumption expenditure 1990–2007

	1990	1995	2004	2005	2006 ¹	2007 ¹
Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices						
Matur, drykkjarvara og tóbak <i>Food, beverages and tobacco</i>	50.843	55.116	86.968	89.117	97.985	105.921
Föt og skór <i>Clothing and footwear</i>	16.926	17.969	23.585	25.641	28.494	32.184
Húsnæði, ljós og hiti <i>Gross rent, fuel and power</i>	38.016	44.625	94.970	113.738	132.527	152.393
Húsgögn, húsbúnaður, heimilishald og heimilistæki <i>Furniture, furnishings and household equipment and operation</i>	15.920	17.841	31.604	36.718	39.240	45.442
Heilbrigðisþjónusta <i>Medical care and health expenses</i>	4.421	6.889	16.027	16.703	17.718	19.083
Samgöngur og póstur og sími <i>Transport and communication</i>	29.032	33.539	94.459	114.821	123.423	136.323
Tómstundaiðja, skemmtanir, menntun og menningarmál <i>Recreation, entertainment, education and culture</i>	25.010	35.661	67.363	74.141	78.664	80.586
Hótel og veitingastaðir <i>Restaurants and hotels</i>	13.736	18.367	39.932	44.106	49.699	55.772
Ýmsar vörur og þjónusta <i>Miscellaneous goods and services</i>	13.027	17.323	33.494	38.446	45.481	48.786
Einkaneysla innanlands alls						
Households Final Consumption Exp. in the Domestic Market	206.931	247.329	488.402	553.431	613.230	676.488
Útgjöld Íslendinga erlendis <i>Direct purchases abroad by resident households</i>	17.129	18.940	49.965	62.638	78.350	86.798
Útgjöld útlendinga á Íslandi <i>Direct purchases in the domestic market by non-resident households</i>	-9.140	-12.246	-26.811	-26.157	-29.567	-40.708
Einkaneysla heimila alls						
Household Final Consumption Exp. of Resident Households	214.920	254.023	511.556	589.912	662.013	722.578
Starfsemi samtaka <i>Non-profit institutions serving households</i>	7.175	9.267	19.116	20.726	23.610	26.453
Einkaneysla alls Final Consumption Expenditure	222.095	263.290	530.672	610.638	685.623	749.031
Hlutfallsleg skipting, % Percentage breakdown						
Matur, drykkjarvara og tóbak <i>Food, beverages and tobacco</i>	23,7	21,7	17,0	15,1	14,8	14,7
Föt og skór <i>Clothing and footwear</i>	7,9	7,1	4,6	4,3	4,3	4,5
Húsnæði, ljós og hiti <i>Gross rent, fuel and power</i>	17,7	17,6	18,6	19,3	20,0	21,1
Húsgögn, húsbúnaður, heimilishald og heimilistæki <i>Furniture, furnishings and household equipment and operation</i>	7,4	7,0	6,2	6,2	5,9	6,3
Heilbrigðisþjónusta <i>Medical care and health expenses</i>	2,1	2,7	3,1	2,8	2,7	2,6
Samgöngur og póstur og sími <i>Transport and communication</i>	13,5	13,2	18,5	19,5	18,6	18,9
Tómstundaiðja, skemmtanir, menntun og menningarmál <i>Recreation, entertainment, education and culture</i>	11,6	14,0	13,2	12,6	11,9	11,2
Hótel og veitingastaðir <i>Restaurants and hotels</i>	6,4	7,2	7,8	7,5	7,5	7,7
Ýmsar vörur og þjónusta <i>Miscellaneous goods and services</i>	6,1	6,8	6,5	6,5	6,9	6,8
Einkaneysla innanlands alls						
Households Final Consumption Exp. in the Domestic Market	96,3	97,4	95,5	93,8	92,6	93,6
Útgjöld Íslendinga erlendis <i>Direct purchases abroad by resident households</i>	8,0	7,5	9,8	10,6	11,8	12,0
Útgjöld útlendinga á Íslandi <i>Direct purchases in the domestic market by non-resident households</i>	-4,3	-4,8	-5,2	-4,4	-4,5	-5,6
Einkaneysla heimila alls						
Household Final Consumption Exp. of Resident Households	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Starfsemi samtaka <i>Non-profit institutions serving households</i>	3,3	3,6	3,7	3,5	3,6	3,7
Einkaneysla alls Final Consumption Expenditure	103,3	103,6	103,7	103,5	103,6	103,7

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Tafla 4. Fjármunamyndun 2005–2007

Table 4. Gross fixed capital formation 2005–2007

	Verðlag hvers árs, millj. kr. <i>Million ISK at current prices</i>			Magnbreyting frá fyrra ári, % ¹ <i>Volume changes on previous year, per cent¹</i>		
	2005	2006 ²	2007 ²	2005	2006 ²	2007 ²
Fjármunamyndun alls <i>Gross fixed capital formation, total</i>	291.265	393.341	356.887	35,7	20,4	-13,7
Atvinnuvegir alls <i>Business sector investment</i>	201.114	276.229	211.586	60,2	21,1	-26,0
Landbúnaður og skógrækt <i>Agriculture and forestry</i>	6.094	6.929	6.375	66,6	2,0	-10,7
Fiskveiðar <i>Fishing</i>	2.177	2.014	1.435	-49,8	-17,7	-26,4
Matvælavinnsla <i>Manufacture of food products and beverages</i>	2.736	5.478	5.280	-7,9	74,0	-4,3
Framleiðsla málma <i>Manufacture of basic metals</i>	46.668	62.657	36.188	574,4	15,2	-41,1
Annar iðnaður <i>Other manufacturing</i>	7.233	3.048	7.200	209,5	-55,4	106,9
Rafvirkjanir, raf-, hita- og vatnsveitur <i>Production and distribution of electricity and water</i>	50.058	74.400	63.141	45,0	33,2	-18,7
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	11.857	14.685	15.697	24,0	10,1	3,8
Verslun <i>Wholesale and retail trade</i>	8.136	5.906	8.317	15,1	-36,8	40,1
Hótel- og veitingahúsarekstur <i>Hotels and restaurants</i>	4.549	2.693	2.852	80,7	-46,8	1,1
Flugsamgöngur <i>Air transport</i>	4.117	26.584	-16.790	-14,0	443,4	-164,9
Flutningar, ferðaskrifstofur o.þ.h. <i>Travel agencies and tour operators n.e.c.</i>	7.099	8.687	8.366	3,0	12,2	-10,7
Samgöngur <i>Transport</i>	2.349	2.106	2.138	52,3	-23,7	1,1
Fjaraskiptaþjónusta <i>Telecommunications</i>	5.901	6.014	9.694	43,5	-9,5	59,7
Fjármálaþjón., váttryggingar og önnur fjármálastarfsemi <i>Financial intermediation and insurance</i>	2.375	10.247	12.158	-28,4	281,0	17,7
Fasteignaviðskipti <i>Real estate activities</i>	21.674	22.714	25.773	21,6	-3,4	4,2
Ýmis leigustarfsemi og tölvuþjónusta <i>Computer and related activities</i>	1.829	1.683	2.013	-19,1	-20,7	22,9
Rannsóknir og þróunarstarf <i>Research and development</i>	-293	1.039	1.053	-130,8	-416,8	-2,8
Önnur viðskipti og sérhæfð þjónusta <i>Other business activities</i>	5.924	10.618	11.454	67,3	63,6	0,6
Annað <i>Other n.e.c.</i>	10.630	8.724	9.242	23,5	-25,0	4,4
Íbúðarhús, alls <i>Residential construction</i>	58.466	74.498	90.605	11,9	16,5	13,2
Starfsemi hins opinbera <i>Public works and buildings</i>	31.685	42.614	54.696	-17,5	22,7	19,2
Vegir og brýr <i>Roads and bridges</i>	8.060	9.463	12.119	-27,6	7,5	17,9
Götur og holræsi <i>Streets and sewers</i>	7.418	11.598	14.317	-5,1	43,1	13,7
Byggingar hins opinbera <i>Public buildings</i>	10.727	16.793	22.094	-29,1	44,4	20,4
Önnur fjárfesting hins opinbera <i>Other public investment</i>	5.481	4.760	6.165	18,5	-25,2	30,8
Atvinnuvegir alls, tegundaskipting						
Business sector investment, type of assets	201.114	276.229	211.586	60,2	21,1	-26,0
Fólksbifreiðar <i>Motor vehicles for industrial use</i>	4.053	4.453	4.541	12,6	5,2	-4,3
Skip og skipsbúnaður, flugvélar ofl. <i>Ships, aircrafts and pertaining equipments</i>	6.846	28.660	-15.241	-20,1	253,6	-154,6
Verksmiðju-, iðnaðarvélar og tæki <i>Manufacturing machinery and equipments</i>	5.973	16.123	8.085	-3,1	131,2	-49,2
Skrifst.áhöld og tæki <i>Office machinery and computers</i>	21.734	25.642	32.696	63,8	4,2	33,2
Vélar og tæki til jarðvegsvinnu og mannvirkjagerðar <i>Mach. tools for quarrying and construction</i>	64.411	66.683	55.676	313,5	-11,8	-14,8
Mannvirki <i>Construction</i>	93.991	126.708	120.689	23,5	22,3	-10,7
þ.a. byggingar <i>thereof buildings</i>	36.641	47.608	45.760	-9,9	19,8	-12,0
Annað <i>Other n.e.c.</i>	4.106	7.960	5.140	-1,2	81,4	-39,2

¹ Magnbreytingar eru reiknaðar á verðlagi fyrra árs og árlegri keðjutengingu. *Volume changes are based on annual chain linking.*² Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 5. Skipting landsframleiðslunnar á framleiðsluþætti 2002–2007

Table 5. Cost components of Gross Domestic Product 2002–2007

Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices	2002	2003	2004	2005	2006 ¹	2007 ¹
1. Verg landsframleiðsla Gross Domestic Product	816.450	841.322	928.889	1.026.397	1.167.887	1.293.167
2. Vörutengdir skattar Taxes on products	109.087	118.721	140.222	167.532	190.344	201.998
3. Vörutengdir styrkir Subsidies on products	9.259	9.296	9.193	9.492	10.298	11.422
4. Vinnsluvirði á grunnverði (4.=1.-2.+3.)						
Valus added, basic prices (4.=1.-2.+3.)	716.623	731.897	797.860	868.357	987.840	1.102.591
5. Aðrir skattar á framleiðslu Other taxes on production	20.839	22.371	25.832	28.501	36.284	40.480
6. Aðrir styrkir á framleiðslu Other subsidies on production	5.616	6.659	7.797	11.227	9.959	11.894
7. Vergar þáttatekjur (7.=4.-5.+6.-10.)						
Gross factor income (7.=4.-5.+6.-10.)	701.399	716.186	779.825	851.083	961.516	1.074.006
8. Laun og tengd gjöld Compensation of employees	447.957	471.977	517.541	588.106	671.151	750.347
9. Vergur rekstrarafgangur (9.=7.-8.)						
Operating surplus, gross (9.=7.-8.)	253.442	244.209	262.284	262.977	290.364	323.659
9.1 Bókfærðar afskriftir						
Consumption of fixed capital (business acc.)	123.919	129.723	139.798	149.855	162.352	...
9.2 Hreinn rekstrarafgangur Operating surplus, net	129.523	114.486	119.818	113.122	128.013	...

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.**Tafla 6. Magnvísitölur atvinnuvega og landsframleiðslunnar í heild 2002–2007**

Table 6. Gross Domestic Product by industries 2002–2007, volume indices

Magnvísitölur, 2000=100 Volume indices, 2000=100	2002	2003	2004	2005	2006 ¹	2007 ¹
Landbúnaður Agriculture	107,7	109,6	113,1	121,1	125,0	131,4
Fiskveiðar Fishing	103,3	99,2	103,3	104,7	102,6	99,3
Námugr. og vinnsla hráefna úr jörðu Mining and quarrying	80,2	99,4	103,3	98,4	114,2	129,7
Iðnaður Manufacturing	103,1	103,7	109,2	107,1	111,4	118,0
Þar af: Fiskvinnsla There of: Fish processing	113,0	109,3	118,9	112,3	101,5	...
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur Electricity and water supply	107,3	107,7	112,8	116,1	124,0	136,4
Byggingarstarfsemi Construction	88,3	95,2	116,8	141,9	158,8	170,1
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta						
Wholesale and retail trade; repair of household goods	96,6	101,9	107,7	123,2	125,9	131,0
Hótel og veitingahúsarekstur Hotels and restaurants	96,0	105,0	113,5	129,2	131,9	144,1
Samgöngur og flutningar						
Transport, storage and communication	99,0	105,6	116,7	124,5	131,3	130,2
Fjármálaþj., lífeyrissj., váttryggingar, fasteignavískipti o.fl.						
Financial, real-estate, renting and business activities	110,0	118,6	132,2	145,9	163,5	176,6
Önnur þjónusta Other private services	107,3	109,0	110,8	114,7	114,5	118,0
Allar atvinnugreinar Total industries	103,2	107,0	114,9	123,6	130,4	137,0
Breyting frá fyrra ári, %						
Percentage change from previous year, %	-0,3	3,7	7,4	7,5	5,5	5,1
Til samanburðar: Breyting skv. útgjaldauppgjöri, %						
Memorandum: Change according to expenditure approach, %	0,1	2,4	7,7	7,4	4,4	4,9

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Tafla 7. Hlutfallsleg skipting landsframleiðslu eftir atvinnuvegum 2002–2007Table 7. *Gross Domestic Product by industries 2002–2007, percentage breakdown*

Hlutfallsleg skipting, % <i>Percentage breakdown</i>	2002	2003	2004	2005	2006 ¹	2007 ¹
Landbúnaður <i>Agriculture</i>	1,6	1,6	1,5	1,5	1,4	1,4
Fiskveiðar <i>Fishing</i>	7,8	6,3	5,4	4,8	5,0	4,6
Námugr. og vinnsla hráefna úr jörðu <i>Mining and quarrying</i>	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
Iðnaður <i>Manufacturing</i>	13,4	12,5	12,1	10,5	11,2	10,8
Par af: Fiskvinnsla <i>There of: Fish processing</i>	3,2	2,7	2,3	2,0	2,0	...
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur <i>Electricity and water supply</i>	3,4	3,3	3,3	3,3	4,0	4,3
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	7,5	7,5	8,4	9,7	10,1	10,4
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta <i>Wholesale and retail trade; repair of household goods</i>	10,5	10,2	10,8	11,1	10,1	10,0
Hótel og veitingahúsarekstur <i>Hotels and restaurants</i>	1,7	1,7	1,6	1,6	1,5	1,5
Samgöngur og flutningar <i>Transport, storage and communication</i>	8,5	7,7	7,6	6,4	6,2	5,7
Fjármálaþj., lífeyrissj., váttryggingar, fasteignaviskipty o.fl. <i>Financial, real-estate, renting and business activities</i>	20,2	23,0	24,0	26,1	26,7	28,1
Önnur þjónusta <i>Other private services</i>	25,1	26,1	25,4	25,0	23,6	23,0
Allar atvinnugreinar <i>Total industries</i>	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Hagtíðindi **Þjóðhagsreikningar**
Statistical Series **National accounts**

93. árgangur nr. 53 2008:8

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-4657 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4665 (pdf)

Verð ISK 500 *Price EUR 7*

Umsjón *Supervision* Stefán Þór Jansen • stefan.jansen@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000 © Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099 Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series